

Starfsáætlun Kópavogsskóla 2025-2026



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Formáli.....	4
Um Kópavogsskóla	4
Stjarnan frístundaheimili	7
Stjórnskipulag skólans og skipurit	7
Stjórnun skólans	7
Starfsmenn Kópavogsskóla 2025-2026.....	8
Skóladagatal Kópavogsskóla	11
Tilhögun kennslu	13
Kennsluáætlanir	13
Einstaklingsnámskrár	13
Námsmat	14
Heimanámsstefna Kópavogsskóla	15
Stefna og viðmið Kópavogsskóla vegna heimanáms	15
Tilgangur.....	15
Umfang.....	16
Skipulag.....	16
Stoðþjónusta.....	16
Leiðir	16
Mat	17
Lestur.....	17
LOGOS	18
Nemendur með íslensku sem annað mál (ÍSAT)	19
Yfirlit yfir skimanir	19
Starfsáætlun nemenda	20
Skipting kennslustunda í Kópavogsskóla	20

Skipting kennslustunda í Kópavogsskóla	22
Val nemenda á unglingastigi	23
Nemendaráð	24
Skólabragur – skólareglur	24
Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn	27
Foreldrasamstarf	28
Skólaráð	29
Foreldrafélag	31
Dagskrá vetrarstarfs foreldrafélags	31
Mat á skólastarfi	32
Innra mat	32
Viðfangsefni innra mats	33
Ytra mat sveitarfélaga	34
Ytra mat menntamálaráðuneytis	34
Stoðþjónusta	34
Náms- og starfsráðgjafi	35
Skólaheilsugæsla	35
Sálfræðingur	35
Talmeinafræðingur	36
Þroskaþjálfar	36
Þjónusta frá Menntasviði	36
Tómstundastarf og félagslíf	37
Kjarninn félagsmiðstöð	37
Skólinn	37
Skólabúðir	38
Viðbragðsáætlanir	38
Undirritun starfsáætlunar	39

Formáli

Um Kópavogsskóla

Kópavogsskóli er heildstæður grunnskóli staðsettur á Digranesvegi 15, Kópavogi. Í skólanum eru 10 árgangar er skipt í smærri nemendahópa og umsjónarkennarar í árgangi eru einn til þrír. Leitast er við að vinna með árganga sem eina heild og það gengur upp að ákveðnu marki því stærð kennslustofa býður ekki upp á stóra nemendahópa. Áhersla er á mikið samstarf kennara bæði innan árganga og þvert á árganga.

Skólastjóri er Guðný Sigurjónsdóttir, gudnys@kopavogur.is

Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri 6.-10. bekkjar er Elísabet Pétursdóttir, elisabetp@kopavogur.is

Deildarstjóri 1.-5. bekkjar er Bergdís Finnbogadóttir, bergdisf@kopavogur.is

Deildarstjóri sérúrræða er Daðey Arnborg Sigþórsdóttir, dadeys@kopavogur.is

Deildarstjóri upplýsingatækni er Ásdís Ólafsdóttir, asdis.olafsdottir@kopavogur.is

Forstöðuaðili Stjörnunnar er Þórný Edda Aðalsteinsdóttir.

Umsjónarmaður húsnæðis er Sigurður Kjartansson, sigurdurk@kopavogur.is

Tengiliðir farsældar eru Elísabet Pétursdóttir, Bergdís Finnbogadóttir og Daðey Arnborg Sigþórsdóttir.

Skólahúsnæðið opnar kl. 7:50. Kennsla hefst klukkan 8:15 hjá nemendum í 1.-4. bekk, kl. 8:30 hjá nemendum í 5.-6. bekk og kl. 8:35 hjá nemendum í 7.-10. bekk. Kennslu lýkur hjá þeim sem lengst eru um klukkan 15:30. Boðið er upp á hafragraut frá kl. 8:00 fyrir alla nemendur skólans í mötuneyti hans. Frístund fyrir nemendur í 1.-4. bekk er opin til kl. 16:30 alla virka daga.

Upplýsingaveitur skólans

[Heimasíða skólans](#) geymir helstu upplýsingar um skólastarfið og fréttir af því, s.s. skólanámskrá, kennsluáætlanir og aðrar áætlanir, upplýsingar um stoðþjónustu, skólareglur o.fl. Á heimasíðu skólans er [upplýsingahnappur](#) sem hefur tekið á einn stað saman helstu upplýsingar fyrir foreldra.

[Facebook síða skólans](#) færir fréttir úr daglegu starfi skólans. Skólastjórnendur eru ábyrgðaraðilar fyrir heimasíðu og Facebook síðu skólans.

[Mentor](#) er upplýsinga- og skráningakerfi fyrir kennara, nemendur og foreldra/forráðamenn. Þar ská kennarar ástundun, heimanám og námsmat, setja inn vikupósta og boða til foreldraviðtala. Þar geta nemendur og foreldrar/forráðamenn fylgst með skólasókn og námsframvindu auk þess sem foreldrar geta skráð inn veikindi barna og sótt um leyfi, bæði til lengri og skemmri tíma. Mikilvægt að allar upplýsingar um foreldra séu réttar inni á Mentor, s.s. netföng og símanúmer foreldra/forráðamanna og bera þeir sjálfir ábyrgð á því og geta breytt/bætt við sjálfir. Kennarar svara tölvupóstum eins fljótt og kostur er innan vinnutíma á virkum dögum.

Vikupóstur kennara til foreldra er birtur undir *Upplýsingaveita* inni á Mentor.

Stjórnendur senda vikupóst til allra starfsmanna fyrir vikulok hverju sinni og er þar farið yfir það sem framundan er. Aðstoðarskólastjóri heldur utan um þessa vikupósta.

Innri vefur skólans er fyrir starfsfólk og heldur utan um upplýsingar til starfsmanna. Ný og endurbætt starfsmannahandbók verður gefin út í ágúst 2025.

[Forföll og leyfi nemenda](#)

Foreldrum/forráðamönnum nemenda ber að tilkynna forföll nemenda á skrifstofu skólans sem fyrst að morgni í gegnum síma eða skrá í Mentor. Ef veikindi ná yfir fleiri en einn dag þarf að tilkynna um þau daglega.

Leyfisbeiðnir skulu berast frá foreldrum/forráðamönnum. Hægt er að skrá leyfi fyrir stakar kennslustundir í gegnum Mentor. Leyfi fyrir einn eða fleiri daga skal sækja um í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar og er hægt að nálgast hana í gegnum heimasíðu skólans, undir Leyfisbeiðnir. Foreldrar/forráðamenn eru minntir á að þeir bera ábyrgð á að nemendur vinni upp það sem þeir kunna að missa úr námi á meðan á leyfi stendur, sbr. 19. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

[Mötuneyti og nesti](#)

Minnt er á að Kópavogsskóli er hnetulaus skóli.

Skólinn býður upp á hafragraut frá kl. 8:00-8:40 alla morgna og eru nemendur hvattir til þess að koma og fá sér graut áður en skóli hefst. Unglingum gefst þar að auki kostur á hafragraut í morgunfrímínútum kl. 9:35-9:55.

Öllum nemendum gefst kostur á að borða hádegismat þeim að kostnaðarlausu.

Hádegismatur er matreiddur í eldhúsi skólans og tekur matseðillinn mið af leiðbeiningum Lýðheilsustofnunar um hollustu og næringu. Matseðli hvers mánaðar má sjá á heimasíðu skólans.

Mikilvægt er, að foreldrar/forráðamenn nemenda skrái nemendur í mataráskrift í gegnum [Þjónustugátt Kópavogsbæjar](#).

Námsgögn

Kópavogsbær sér öllum nemendum fyrir ritföngum auk þess sem nemendur fá spjaldtölvur til afnota á meðan á skólagöngu þeirra stendur. Á [heimasíðu skólans](#) má finna allar upplýsingar sem og umgengnisreglur varðandi spjaldtölvurnar.

Kópavogsskóli sér nemendum fyrir námsbókum, bæði einnota og fjölnota bókum sem nemendum ber að fara vel með. Nemendur á unglingastigi sem velja að taka valáfanga í framhaldsskólum verða sér úti um þær bækur sjálfir.

Óskilamunir

Skólaliðar safna saman óskilamunum á göngum og úr stofum skólans. Þá er hægt að nálgast alla daga við inngang við hlið íþróttahúss skólans. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að merkja eigur barna sinna rækilega og leita til skólans ef fatnaður eða aðrar eigur nemenda glatast. Óskilamunir eru færðir hjálparstofnunum á vorin 15. júní þegar skóla lýkur.

Gæsla á skólalóð

Skólaliðar, stuðningsfulltrúar og kennarar annast gæslu á skólalóð í öllum frímínútum dagsins og að auki eru skólaliðar og kennarar nemendum til aðstoðar í matsal skólans á matartímum.

Skólaakstur

Skólaakstur er á vegum fyrirtækisins Teitur Jónasson. Nemendur eru keyrðir í og úr sundi og sömuleiðis nota nemendur 8.-10. bekkjar rútur til þess að komast í og úr íþróttum í

Smáranum. Nemendur námsvers fá skólaakstur tengt sínu námi búi þeir utan hverfis og er það skipulagt af kennurum námsvers í samstarfi við foreldra nemenda.

Stjarnan frístundaheimili

Forstöðukona Stjörnunnar er Þórný Edda Aðalsteinsdóttir. Hún hefur störf 1. ágúst 2025. Aðstoðarforstöðukona Stjörnunnar er Alexandra Gunnarsdóttir en hún er í fæðingarorlofi.

Símanúmer Stjörnunnar er 4413432. Stjarnan er opin alla skóladaga frá lokun skóladags til kl. 16:30 að undanskildum tveimur skipulagsdögum. Í frístund eru um 100 börn í 1.-4. bekk. Forstöðukona er í 100 % starfi og eru aðrir starfsmenn í minna starfshlutfalli. Frístund hefur starf í byrjun ágúst fyrir nemendur verðandi 1. bekkjar og eftir skólaþinginu koma inn eldri nemendur.

Skráning í Stjörnuna

Skráning fyrir Stjörnuna er í gegnum www.vala.is. Skráning fyrir jólaopnun, páskaopnun, sumaropnun og viðbótardaga í júní sem og skipulagsdaga, foreldraviðtalsdaga og skerta daga er einnig í gegnum Völu. Foreldrar/forráðamenn geta tilkynnt forföll barna í gegnum Völu. Frekari upplýsingar um starfsemi frístundaheimilisins Stjörnunnar má finna í starfsáætlun Stjörnunnar.

Stjórnskipulag skólans og skipurit

Stjórnun skólans


Guðný Sigurjónsdóttir skólastjóri, gudnys@kopavogur.is

Elísabet Pétursdóttir aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri 6.-10. bekkjar og tengiliður farsældar, elisabetp@kopavogur.is

Bergdís Finnbogadóttir deildarstjóri 1.-5. bekkjar og tengiliður farsældar, bergdisf@kopavogur.is

Daðey Arnborg Sigþórsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu og tengiliður farsældar, dadeys@kopavogur.is

Ásdís Ólafsdóttir, deildarstjóri upplýsingatækni, asdis.olafsdottir@kopavogur.is



Starfsmenn Kópavogsskóla 2025-2026

Í Kópavogsskóla starfa 48 kennarar, aðrir starfsmenn eru 30 og 5 stjórnendur.

Nafn	Starfsheiti
Ada Kozicka	Kennari
Aðalheiður Halldórsdóttir	Kennari
Aferdita Hoti	Skólaliði
Alexandra Gunnarsdóttir	Frístundarleiðbeinandi
Andri Þór Kristjánsson	Kennari
Angelika Anna Nosek	Skólaliði
Anna Guðný Ólafsdóttir	Kennari
Anna Kapitola Engilbertsdóttir	Kennari
Anna María Guðmundsdóttir	Ritari
Anna Þórðardóttir	Kennari
Arndís Snjólaug Ingvarsdóttir	LEiðbeinandi
Arnheiður Magnúsdóttir	Skólaliði
Árný Jóna Stefánsdóttir	Kennari
Ásdís Ólafsdóttir	Deildarstjóri upplýsinga - og tæknimenntar
Ásta María Ómarsdóttir	Bókasafnsfræðingur

Ásta Sigrún Gylfadóttir	Kennari
Ásthildur Guðmundsdóttir	Stundakennari
Bergdís Finnbogadóttir	Deildarstjóri
Birkir Þór Guðjónsson	Stuðningsfulltrúi/Starfsmaður í frístund
Birna Björnsdóttir	Kennari
Birna Vilhjálmsdóttir	Kennari
Birta Ögn Elvarsdóttir	Afleysing í eldhúsi
Björk Hafliðadóttir	Kennari
Brynja Rut Guðmundsdóttir	Kennari
Daðey Arnborg Sigþórsdóttir	Deildarstjóri sérúrræða
Dagný Hrund Árnadóttir	Kennari
Dorota Ewelina Chroboczek	Skólaliði
Dóra Dögg Kristófersdóttir	Kennari
Dóra Líf Garðarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Einar Jóhann Heimisson	Stuðningsfulltrúi/Starfsmaður í frístund
Elfar Freyr Helgason	Leiðbeinandi
Elín Erna Magnúsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Elísabet Pétursdóttir	Aðstoðarskólastjóri
Erla Gígja Garðarsdóttir	Kennari
Estera Hirsch	Frístundarleiðbeinandi
Gabríela Líf Ragnarsdóttir	Kennari
Gísli Þór Gíslason	Kennari
Gróa Ingibjörg Grétarsdóttir	Kennari
Guðný Sigurjónsdóttir	Skólastjóri
Guðrún Brynja Gísladóttir	Námsráðgjafi
Guðrún Sigríður Loftsdóttir	Þroskaþjálfari
Halldóra Björk Sölvadóttir	Kennari
Hanna Sledziowska	Matráður
Hauður Kristinsdóttir	Kennari
Helga Magnúsdóttir	Kennari
Helga Sigfúsdóttir	Leiðbeinandi
Hildur Elfa Björnsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Hlíf Ásgeirsdóttir	Leiðbeinandi

Hugrún Hanna Stefánsdóttir	Kennari
Hulda Hrönn Ágústsdóttir	Kennari
Iðunn Haraldsdóttir	Kennari
Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir	Kennari
Jóhanna Kristjánsdóttir	Kennari
Katarzyna Klaudia Drabarek	Skólaliði
Katerina Vjatkina	Stuðningsfulltrúi/Starfsmaður í frístund
Kristín Laufey Guðjónsdóttir	Kennari
Lenka Zimmermannova	Kennari
Lilja Björg Bjarnadóttir	Frístundarleiðbeinandi
Magnús Alfonsson	Kennari
Margrét Inga Bjarnadóttir	Kennari
Margrét Maríudóttir Olsen	Kennari
María Björg Sveinsdóttir	Afleysing í eldhúsi og frístund
Oddný Þóra Baldvinsdóttir	Kennari
Ólafur Ólafsson	Kennari
Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir	Kennari
Ólöf Katrín Þórarinsdóttir	Kennari
Ólöf Kristjánsdóttir	Kennari
Ósk Reykdal Guðmundsdóttir	Skólaliði
Ragnar Gíslason	Kennari
Ragnar H. Róbertsson	Kennari
Sandra Cristina Oliveira Alves	Stuðningsfulltrúi/Starfsmaður í frístund
Sigríður Fjola Benónýsdóttir	Kennari
Sigurbjörg J Hilmarsdóttir	Matráð
Sigurður Þ Kjartansson	Húsvörður
Silvía Rán Ásgeirsdóttir	Stuðningfulltrúi/skólaliði
Skarphéðinn Þór Hjartarson	Kennari
Steinunn Ágústa Steinarsdóttir	Leiðbeinandi
Svanborg Ísberg	Kennari
Sveinn Oddur Sigurðsson	Matráður
Svitlana Ilgius	Skólaliði
Þorkell Ólafur Árnason	Leiðbeinandi

Þórey Dagmar Möller	Kennari
Þórný Edda Aðalsteinsdóttir	Forstöðumaður frístundar

Skóladagatal Kópavogsskóla

Skóladagatal Kópavogsskóla má finna á heimasíðu skólans. Það er unnið skv. lögum og reglugerðum. Skólastjórnendur vinna skóladagatal í samvinnu við Menntasvið bæjarins og starfsmenn skólans þar til komin er lokaútgáfa. Sú útgáfa er lögð fyrir kennarafund og skólaráð til samþykktar. Menntaráð Kópavogs samþykkir svo lokaútgáfuna.

Skóladagar nemenda eru 180 og þar utan eru sex skipulagsdagar að hausti og tveir að vori. Þá daga vinna kennarar að undirbúningi skólastarfsins og frágangi í lok skólaárs. Meðfylgjandi er nánari útlistun á skóladagatala skólans. Skólaárið 2025-2026 liggur skóladagatal skólans þannig að einn dagur telst vera tvöfaldur nemendadagur þar sem nemendur ljúka fyrst við hefðbundinn skóladag og seinni part dagsins eru vinnustofur nemenda, kennara og foreldra.

Tilhögun kennslu

Kennsla í Kópavogsskóla er að hluta skipulögð fyrir árganginn í heild en vegna húsnæðismála eru hópar hvers árgangs einn til þrír og einn til þrír kennarar með mikið samstarf. Teymiskennslu hefur verið aukin markvisst undanfarin ár og færist ofar í skólann með hverju árinu. Markmiðið er að auka jákvæð samskipti nemenda og fá þá til að líta á sig sem hluta af stærri heild. Þ.e. allur árgangurinn undir í stað þess að horfa á einn til þrjá bekk. Á þemadögum er hópum blandað saman þvert á deildir og aldur til að auka fjölbreytni ásamt því að lögð er áhersla á ýmsar upptækur og heimsóknir utanaðkomandi aðila. Nemendur skólans fara í náms- og kynnisferðir á hverju skólaári og nýta sér þá þjónustu Strætó en rútur ef um lengri ferðir er að ræða. Nemendur 9. bekkjar fara í fimm daga ferð í Vindáshlíð í nóvember og nemendur 7. bekkjar fara í fjögurra daga ferð að Reykjum í Hrútafirði, sömuleiðis í nóvember. Nemendur 10. bekkjar fá markvissa kynningu á framhaldsskólum hjá náms- og starfsráðgjafa. Nemendur í 9. og 10. bekkjar hafa í vissum tilfellum stundað nám utan skólans. Þar er um að ræða skipulagt nám sem metið er til valgreina í 9. og 10. bekk, einingabært nám í framhaldsskólum og starfsnám í fyrirtækjum ef það hentar.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir birtast í skólanámskrá á heimasíðu skólans þar sem námi nemenda er skipt upp í haust- og vorönn. Þar koma fram hæfniviðmið, leiðir, námsgögn og námsmat. Google Classroom er mikið notað á eldri stigum skólans en þar birtast verkefni, verkefnaskil og próf. Þær upplýsingar eiga líka að birtast á Mentor.

Einstaklingsnámskrár

Einstaka nemendur í skólanum eru með einstaklingsnámskrár ýmist í einu eða fleiri fögum og víkja þær námskrár frá markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og miðar námsmat nemenda þá við þá námskrá. Einstaklingsnámskrár eru gerðar í samstarfi við

foreldra/forráðamenn og eru þær undirritaðar af foreldrum/forráðamönnum viðkomandi nemenda.

Námsmat

Engir formlegir námsmatsdagar eru í Kópavogsskóla heldur eru kennarar að meta kunnáttu nemenda með ýmsum hætti yfir skólaárið. Próf og verkefni eru tilkynnt á Mentor - Dagatal og hvetjum við bæði nemendur og foreldra/forráðamenn að fylgjast vel með þar.

Námslotur í Mentor halda utan um kennslu og mat í öllum námsgreinum. Mat á viðmiðum er skráð á hæfnikort nemenda sem á að gefa skýra sýn á stöðu nemandans hverju sinni.

Tekin var ákvörðun um að samræma matskvarða í grunnskólum Kópavogs í öllum árgöngum og varð niðurstaðan eftirfarandi:

- Samræmda matskvarða skal nýta við allt námsmat í grunnskólum Kópavogs, hvort sem það er lokamat, mat á einstökum verkefnum, námsmarkmiðum eða hæfniviðmiðum yfir skólaárið.
- 4 bókstafir í 1.-2.bekk (B+, B, C+, C)
- 6 bókstafir í 3.-10.bekk (A, B+, B, C+, C, D)

Samræmdur matskvarði sem stuðst verður við í grunnskólum Kópavogs frá og með hausti 2025 má sjá hérna að neðan ásamt útskýringum á bókstöfum.

1.-2. bekkur	3. - 10. bekkur		
	A	Framúrskarandi	Nemandinn sýnir framúrskarandi hæfni miðað við matsviðmið.
B+	B+	Mjög góð hæfni	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið, auk þess sem hann hefur að hluta til sýnt framúrskarandi hæfni.
B	B	Hæfni náð	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið.
C+	C+	Á góðri leið	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
C	C	Þarfnast þjálfunar	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
	D	Hæfni ekki náð	Hæfni nemanda í námi nær ekki matsviðmiðum. Gera þarf grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun.

Heimanámsstefna Kópavogsskóla

Stefna og viðmið Kópavogsskóla vegna heimanáms

Kópavogsskóli leggur áherslu á mikilvægi markviss heimanáms sem tekur mið af aldri nemenda. Mikilvægi heimanáms felst ekki síst í aukinni þjálfun í lestri og sjálfstæði í vinnubrögðum. Hver greinakennari sér um skipulag á yfirferð markmiðspátta námsefnisins og ákveður það efni sem vinna skal heima. Alltaf er tekið tillit til þeirra einstaklinga sem eru hægir í vinnubrögðum og heimanámið aðlagð þeim sérstaklega og í samráði við foreldra. Foreldrum er því bent á að hafa samband við viðkomandi kennara ef þeir telja heimanám of mikið eða of lítið hjá sínu barni.

Tilgangur

Heimanám er þjálfun í vinnubrögðum og styrking á sjálfsnámi og sjálfsaga nemenda sem nýtist seinna í námi og starfi. Með heimanámi verður til ákveðin tenging milli náms í skóla og heimilis. Með heimanámi undirbýr nemandi sig fyrir kennslu og/eða lýkur verkefnum sem byrjað var á í skólanum.

Umfang

Heimanám þarf að vera einstaklingsmiðað og miðað er við að það taki alls ekki meira en 1 klst. á dag að jafnaði hjá elstu nemendunum og fari síðan stíglækkandi eftir aldri. Stór hluti nemenda nær að ljúka vinnunni í skólanum en heimanám á að hafa tilgang svo gagn verði af.

Skipulag

Heimanám er birt í Mentor. Í sumum námsgreinum á elsta stigi er um að ræða áætlun til nokkurra vikna þar sem nemendur skipuleggja sjálfir nám í skóla og heima. Í öðrum er heimanámið skipulagt fyrir ákveðnar kennslustundir. Mikilvægt er að heimanám fyrir komandi viku sé komið inn í Mentor fyrir klukkan 16 á fimmtudögum.

Stoðþjónusta

Kópavogsbær úthlutar á hverju skólaári viðbótarkennslustundum vegna nemenda með sérþarfir. Til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda er skipulagi sérkennslunnar í skólanum þannig háttað að gerð er sérstök áætlun fyrir hvern nemanda sem þarf einstaklingsnámskrá. Einnig eru gerðar áætlanir fyrir nemendahópa sem hlýta stuðning í skemmri tíma. Í áætlununum koma fram markmið námsins og tilhögun þess. Þrír sérkennarar í fullu starfi sjá um sérkennslu hver á sínu stigi og þar eru lestur, íslenska og stærðfræði grunnviðfangsefni. Þá eru kennarar sem sinna sérstaklega börnum með íslensku sem annað mál og einnig starfar þroskaþjálfari við skólann.

Markmið sérkennslunnar eru m.a.:

- að mæta þörfum nemandans
- að styrkja sjálfsmynd og sjálfstæði nemandans
- að efla hæfni nemenda til félagslegra samskipta
- að auka færni nemenda í ákveðnum námsgreinum

Leiðir

Fyrirkomulag sérkennslu getur verið með ýmsu móti og það er metið af sérkennara og bekkjarkennara hvort taka þurfi nemandann í sérstakt kennslurými eða hvort aðstoðin fer fram inn í bekk. Oft er um stuðning inn í bekk að ræða auk tíma í sérkennslustofu.

Mat

Í upphafi og við lok stuðningstímabils er lagt mat á stöðu nemenda. Matið byggir m.a. á greiningu sérkennara, ef hún er til, en einnig er stuðst við upplýsingar frá kennurum og foreldrum. Leitað er eftir stuðningi og fræðslu hjá fagaðilum utan eða innan skólans ef með þarf til að tryggja sem best hag nemanda.

Lestur

Kópavogsskóli nýtir sér *Lesferil* sem er matstæki frá Menntamálastofnun. Lesferill er lagður fyrir þrisvar á hverju skólaári í öllum árgöngum til að meta lestrarhraða. Því er auðvelt að átta sig á framvindu hvers nemanda og grípa inn í ef ástæða er til.

Umsjónarkennarar nemenda leggja Lesferilsprófin fyrir og geta fengið aðstoð hjá sérkennurum ef þeir óska eftir. Markmið þessarar nálgunar er að gefa kennurum kost á að fylgjast með lestrarþróun hvers nemanda frá upphafi lestrarnáms og til loka grunnskólagöngu. Í kjölfarið gefur stuðningskerfið leiðbeiningar um hvort þörf sé á að endurskoða markmið og leiðir og laga kennsluna betur að þörfum hvers nemanda. Þegar um alvarleg frávik er að ræða er unnið með þau undir handleiðslu sérkennara.

Kópavogsskóli hóf innleiðingu á *Byrjendalæsi* skólaárið 2014-2015 og töluverð reynsla er komin á kennsluaðferðina hjá kennurum á yngsta stigi. Byrjendalæsi er aðallega hugsað fyrir nemendur 1. og 2. bekkjar og markmiðið er að gera kennsluna markvissari og skemmtilegri. Lestarpjálfun yngstu nemendanna skiptir verulegu máli og þarf að vera dagleg og því skiptir þjálfun á heimilum verulegu máli.

Snemmtækt mat (Góður grunnur) á stöðu nemenda og ráðgjöf í kjölfarið er mikilvæg til að sem fyrst sé hægt að bregðast við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda og skipuleggja kennslu og stuðning, með starfsfólki skóla, þannig að það hæfi sem best hverjum nemanda. Sálfræðingur skólans og deildarstjóri fylgjast markvisst með

nemendum í 1. bekk á hverju ári til að meta stöðu hvers barns með tilliti til stuðnings í náminu. Það verkefni er á sínu fjórða ári.

LOGOS

LOGOS er greiningartæki til að greina dyslexíu og aðra lestrarerfiðleika hjá börnum, unglingum og fullorðnum. Greiningin er framkvæmd af sérkennara og fer fram í skólanum.

Greiningin er tvíþætt, annars vegar ætluð nemendum í 3. – 5. bekk og hins vegar 6.-10. bekk og fullorðnum. Foreldrar, kennarar eða sérkennari geta beðið um greiningu fyrir barn. Greining fer fram með samþykki foreldris og er kallað til fundar þegar niðurstöðum er skilað. Skýrsla er afhent foreldri og rætt er um þá þjónustu sem börn fá í kjölfarið. Foreldrum er bent á að geyma þessa skýrslu því nemendur geta lagt hana fram við inngöngu í framhaldsskóla. Framhaldsskólar þjóna börnum með dyslexíu með misjöfnum hætti og er gott að kynna sér það þegar sótt er um framhaldsskóla.

Þjónusta sem börn fá í kjölfar greiningar, ef þau njóta hennar ekki þegar, er í flestum tilvikum

- aukin lestrarþjálfun þar sem unnið er í litlum hópum
- í nokkrum tilfellum þarf að gera einstaklingsnámskrá og laga námið að barninu
- barnið / unglingurinn velur hvort hann vill lesa upphátt fyrir bekkinn í öllum námsgreinum, með því móti má komast hjá kvíða sem oft vill fylgja börnum með dyslexíu
- ef heimanám tekur óhóflega langan tíma er sjálfsagt að tala við umsjónarkennara og fá afslátt af heimanámi
- nemendur fá að skrifa verkefni í auknum mæli á tölvur (spjaldtölvur) og að nota tölvur til að vinna verkefni
- Nemendur fá appið Voice Dream og þjálfun í notkun þess

Nemendur með íslensku sem annað mál (ÍSAT)

Við skólann starfa fimm kennarar sem sérhæfa sig í kennslu nemenda með íslensku sem annað mál. ÍSAT nemendur fá sérstaka íslenskukennslu hjá viðkomandi kennurum skv. viðmiði Kópavogsbæjar um fjölda kennslustunda og með hliðsjón af færni nemenda skv. viðmiðum aðalnámskrár. Aðrir kennarar aðlaga verkefni og námsmat nemenda út frá færni þeirra í íslensku. Þeir ÍSAT nemendur sem ekki falla undir viðmið Kópavogsbæjar og hafa ekki náð tilskilinni færni í íslensku fá kennslu hjá sérkennara að einhverju leyti. Milli mála próf er lagt fyrir alla ÍSAT nemendur sem hafa dvalið hér lengur en í tvö ár og niðurstöður þess nýttar í kennslu, bæði ÍSAT kennara og í almenntri kennslu. Prófið er einnig lagt fyrir íslensk börn sem hafa dvalið erlendis fimm ára eða meira. Prófið er lagt fyrir nemendur í 1., 4., 7. og 9. bekk eða eftir þörfum.

Yfirlit yfir skimanir

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þær skimanir sem lagðar eru fyrir í Kópavogsskóla.

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur
Lestrarskimanir	Lesferill - Lesfimi og hliðarpróf eftir þörfum	Umsjónarkennarar í 1.-4. bekk, sérkennarar 5.-10. bekk	Þrisvar á ári. Sept., jan og maí.	Nemendur í 1. - 10. bekk.
	Orðarún – lesskilningur	Umsjónarkennarar.	Október og apríl	Nemendur 3. – 8. b.
	Aston Index - stafsetning	Umsjónarkennarar	September og apríl	2.-7. b.
ÍSAT	Milli mála próf	ÍSAT kennarar	1.b. desember 4.b. nóvember 7.b. desember 9.b. september	Nemendur sem hafa búið innan við 4 ár á Íslandi
	Stöðupróf í eigin tungumáli	ÍSAT kennarar	Eftir þörfum	Eftir þörfum
Stærðfræði	Hópskimun með Talnalykli	Umsjónarkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu	Febrúar	3. og 6. bekkur

--	--	--	--	--

Eftirfarandi próf eru lögð fyrir einstaklingslega, af sér- eða ísat kennara, þar sem þörf er á:

- LOGOS - skimun eða greining
- Talnalykill
- Stöðumat fyrir erlenda nemendur

Starfsáætlun nemenda

Umsjón með stundaskrárgerð er í höndum skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

Stundaskrár taka mið af viðmiðunarstundaskrá grunnskóla þar sem kennslustundum er dreift á viðkomandi stig og séð til þess að heildarsamræmis sé gætt á milli árganga.

Gerðar eru stundatöflur bekkja í 1.-6. bekk og einstaklingsstundatöflur fyrir nemendur í 7.-10. bekk en þar koma fram m.a. valfög hvers nemanda fyrir sig. Allar stundatöflur eru birtar á Mentor og eru bekkjarstundatöflur sýnilegar á göngum skólans.

Skipting kennslustunda í Kópavogsskóla

Í 1.-6. bekk eru 40 mínútna kennslustundir. Í 7.-10. bekk 60 mínútna kennslustundir. Í viðmiðunarstundaskrá eru kennslustundir taldar út í 40 mínútum hjá öllum bekkjum.

Vikulegur kennslustundafjöldi á viku eru:

- 1.-4. bekkur – 30 stundir
- 5.-7. bekkur – 35 stundir
- 8.-10. bekkur – 37 stundir

Fjöldi kennslustunda og skipting á milli greina er í samræmi við eftirfarandi töflu úr aðalnámskrá grunnskóla. Skipting milli námsgreina, sem sýnd er í næstu töflu á eftir

þeirri sem hér sést, miðast þó við 40 mínútur í samræmi við kjarasamninga kennara.

Námsgreinar – Námsgreinar	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Minútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	4.800	4.200	4.440	13.440	100%

Skipting kennslustunda í Kópavogsskóla

[illegible]

Val nemenda á unglingastigi

Valgreinar í 7. bekk

Skólaárið 2025-2026 geta nemendur 7. bekkjar bætt við sig einu valfagi á haustönn, vorönn eða valfagi sem nær yfir allt árið. Er þetta algjörlega valfrjálst en nemendur hvattir til þess að ljúka því valfagi sem þeir skrá sig í. Tilgangur þess að bjóða upp á valfag fyrir 7. bekk er tvíþættur. Annars vegar að efla samgang á milli nemenda á unglingastigi og einnig að koma til móts við þá nemendur sem stunda lítið/ekkert tómstundastarf utan skólans. Valfögin voru kynnt nemendum í skólanum og í gegnum heimasíðu þar sem valfög næsta vetrar eru kynnt. Nemendur og foreldrar fengu upplýsingar um valfögin í tölvupósti, hjá aðstoðarskólastjóra og í umsjónartíma hjá sínum umsjónarkennurum.

Valgreinar í 8.-10. bekk

Nemendur á unglingastigi, 8.-10. bekk eru í kjarnagreinum í samtals að meðaltali yfir unglingastigið 32 kennslustundir á viku (þ.e. 40 mín langar). Að auki bætast við 3 klukkustundir þar sem þeim gefst kostur á að velja á milli námsgreina af ýmsum toga. Þar er reynt að hafa sem mesta fjölbreytni og áherslan því ekki síður á skapandi greinar en bóklegar. Einnig metur Kópavogsskóli íþróttir, tónlist, framhaldsskólanám og annað slíkt sem nemendur velja sér sem hluta af stundaskrá sinni. Það er allt gert í fullu samstarfi við foreldra og óskað eftir skriflegri staðfestingu frá foreldrum, þjálfurum og kennurum utan skólans.

Mikið og gott samstarf hefur verið við Fjölbautaskólann við Ármúla um nokkurt skeið og nokkrir nemendur Kópavogsskóla hafa sótt kennslustundir í framhaldsskólaáföngum. Ýmist er um að ræða sjálfsnám með fjarnámssniði eða fjarnám með stuðningi kennara skólans.

Valgreinar skólaárið 2025-2026 eru fjölbreyttar og í nokkrum fögum er nemendum í 8.-10. bekk kennt saman en í öðrum greinum er þeim skipt. Áhersla er lögð á að námsgreinar séu bæði bóklegar og verklegar og listgreinar fá alltaf sinn sess í valinu. Ávallt er leitað til nemenda um hugmyndir að nýjum valgreinum og reynt að verða við því sem verulegur áhugi er fyrir. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sem var útbúin um valfögin. Nemendur og foreldrar fengu upplýsingar um um valfögin senda heim og einnig má finna slóðina á [heimasíðu skólans](#).

Nemendaráð

Á hverju hausti kjósa nemendur unglingastígs fulltrúa sína í nemendaráð. Hver árgangur kys fjóra fulltrúa og tveir formenn úr 10. bekk stýra starfinu með aðstoð eins af kennurum skólans. Annar þeirra situr í skólaráði Kópavogsskóla og hinn fulltrúi nemenda kemur úr 9. bekk. Nemendaráð skólans er um leið nemendaráð félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans sem er staðsett í Kópavogsskóla. Félagsmiðstöð og skóli vinna náið saman að hagsmunamálum nemenda. Allir nemendur í nemendaráði eru í valgrein (Félagsmálafræði) og þar er markmiðið að kenna þeim þau vinnubrögð sem leggja grunn að heilbrigðu og farsælu samstarfi nemendaráðs.

Auglýst er eftir framboðum til nemendaráðs og kosið á milli frambjóðenda. Formaður nemendaráðs er úr 10. bekk og varaformaður úr 9. bekk. Skólaráðsfulltrúar koma úr 9. og 10. bekk og sitja í tvö ár.

Nemendaráð er kosið í september haust hvert. Formenn koma úr 10. bekk.

Halldór Hlöðversson forstöðumaður Kjarnans og Vigdís Gréta Grétarsdóttir aðstoðarforstöðumaður Kjarnans funda reglulega með stjórn nemendafélagsins og skipuleggja atburði og uppákomur vetrarins. Fastir liðir sem tilheyra skólanum eru jólaskemmtun sem er haldin rétt fyrir jólaeyfi og árshátíð sem er haldin í vikunni fyrir páskaleyfi. Kópavogsskóli tekur einnig þátt í ýmsum uppákomum á vegum félagsmiðstöðva í Kópavogi (FÉLKÓ) og SAMFÉS. Allar upplýsingar um atburði og tímasetningar þeirra er að finna á <http://felagsmidstodvar.kopavogur.is/kjarninn/>

Skólabragur – skólareglur

Allt starf Kópavogsskóla mótast af uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar*. Hún miðar að því að efla innri hvata barnanna til að verða góðir og gefandi einstaklingar sem lifa í sátt við annað fólk og umhverfi sitt. Þar er viðurkennt að öllum getur orðið á mistök og tækifæri gefið til að leiðrétta þau eftir bestu getu. Þessi uppeldisstefna er ekki einungis leiðarvísir að gefandi samskiptum barnanna heldur starfsmannanna líka og setur sinn brag á allt skólastarf. Í samræmi við Uppeldi til ábyrgðar gera allir bekkir með sér bekkjarsáttmála þar sem unnið er út frá grunnþörfunum öryggi, umhyggja, gleði,

stjórnun og frelsi. Kennsluáætlanir eru til í skólanum fyrir hvern árgang og er þar lögð áhersla á ólíka þætti fyrir hvern árgang fyrir sig í samræmi við stefnuna. Bekkjarfundir eru reglulega í öllum árgöngum skólans. Að aukvinna yngstu bekkir skólans með vináttuverkefni Barnaheilla og bangsann Blæ.

Stýrihópur um Uppeldi til ábyrgðar skipulagði vinnu starfsmanna til að útfæra nánar það sem fékk heitið „[Umgengnisreglur og skýr mörk í Kópavogsskóla](#)“ og þeirri vinnu lauk í janúar 2018. Afrakstur þeirrar vinnu er að finna á heimasíðu skólans.

Haustið 2017 voru skólareglurnar yfirfarnar og þær gerðar ítarlegri og settar inn skýringar svo allir aðilar átti sig á þeim vinnubrögðum sem skólinn viðhefur. Reglur um símanotkun og skjánotkun voru þar að auki yfirfarnar haustið 2024. Unnið er að endurskoðun skólareglna og áætlun er að ljúka þeirri heildarendurskoðun vor 2026.

Skólareglurnar með skýringum eru öllum aðgengilegar á [heimasíðu skólans](#). Í þeim er lögð er áhersla á þann skólabrag sem leitast er við að skapa og þau atriði tilgreind í upphafi:

Í Kópavogsskóla er lögð áhersla á að allir:

- *komi fram af tillitssemi og kurteisi*
- *virði vinnu annarra*
- *sinni hlutverki sínu af kostgæfni*
- *leggi áherslu á heilbrigða lífsýn*
- *Ofbeldi, andlegt eða líkamlegt, er ekki liðið í Kópavogsskóla.*
- *Nemendum ber að fara eftir fyriræmum starfsmanna.*
- *Virða skal tímasetningar í skólastarfinu.*
- *Nemendur leggi áherslu á góða námsástundun.*
- *Ganga skal vel og þrífalega um skólann.*
- *Nemendum er ekki heimilt að yfirgefa skólalóð á skólatíma nema með sérstöku leyfi.*
- *Nemendur eða forráðamenn þeirra eru ábyrgir fyrir skemmdum, tjóni eða slysum sem nemendur kunna að valda.*

Vinnureglur og viðurlög við brotum - þrep

1. Við brot á skólareglum ræðir starfsmaður við nemandann um brotið.
2. Umsjónarkennari ræðir við nemandann.
3. Umsjónarkennari/kennari hefur samband við foreldra.
4. Umsjónarkennari boðar nemanda og foreldra í viðtal.
5. Umsjónarkennari boðar nemanda og foreldra í viðtal með skólastjórnanda.
6. Við alvarleg brot getur nemanda verið vísað úr skóla á meðan mál hans er í vinnslu*.

Skólastjórnandi getur komið að málum á öllum stigum sé þess óskað.

*Ávallt skal gætt meðalhófs og andmælaréttar í samræmi við Stjórnsýslulög nr. 37/1993.

Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og getur verið þeim til aðstoðar.

Reglur um notkun GSM-síma (þessar reglur verða frekar unnar í samvinnu kennara, nemenda og foreldra haustið 2025)

Kópavogsskóli viðhefur reglur um skjálausar frímínútur og óheimilt að nota síma hvort heldur í kennslustofum eða í opnum rýmum skólans, svo sem á göngum og í matsal.

Nemendur í 1.-6. bekk skulu ekki koma með síma í skólann.

Fyrir nemendur í 7.-10. bekk gilda eftirfarandi reglur:

Ekki er nauðsynlegt að mæta með síma í skólann þar sem nemendur eru allir með sitt snjalltæki frá Kópavogsbæ til þess að nota í kennslustundum. **Kjósi nemandi að mæta með símann sinn í skólann** er nauðsynlegt að foreldrar/forráðamenn undirbúi þá vel í að fylgja reglum skólans.

Nemendum unglingastigs er **óheimilt að nota símann í skólanum og á skólatíma**. Ef nemandi kemur með símann í skólann skal vera slökkt á símanum eða hann stilltur á hljóðlaust. Skal síminn þá vera ofan í tösku viðkomandi nemanda eða geymdur í skáp sem nemandinn hefur til umráða.

Foreldrar sem þurfa að ná í börnin sín á skólatíma geta hringt á skrifstofu skólans og við komum skilaboðum áleiðis.

Viðurlög við brot á símareglum:

1. brot - síminn tekinn af nemanda sem getur sótt hann á skrifstofu skólans í lok skóladags. Foreldri/forráðamanni gert viðvart.
2. brot - síminn tekinn af nemanda og foreldri gert viðvart. Foreldri/forráðamaður getur sótt síminn í lok skóladags.
3. brot - síminn tekinn af nemanda og foreldri gert viðvart. Foreldri/forráðamaður getur sótt síminn í lok skóladags og síminn er heim í a.m.k. eina viku.

Kópavogur sér nemendum fyrir spjaldtölvum til þess að nota í skólanum. **Skal gæta þess að nemendur mæti með fullhlaðin spjöld fyrir hvern skóladag.**

Allir bekkir, árgangar eða stig setja sér frekari reglur um notkun og meðferð á spjaldtölvum en almennt gilda eftirfarandi reglur:

Reglur um notkun spjaldtölva

- Kennarar stýra snjalltækja notkun í kennslustundum, t.d. hvaða forrit eru notuð og hvenær.
- Spjaldtölvur eru lokaðar í upphafi kennslustundar.
- Spjaldtölvur eru lokaðar á göngum.
- Heima er notkun spjaldtölvu á ábyrgð foreldra en þeir geta óskað eftir að nemendur geymi spjaldtölvur alfarið í skólanum og skal þeim þá skilað á skrifstofu skólans í lok hvers skóladags og er það á ábyrgð nemenda að svo sé gert.
- Engar spjaldtölvur í matsal.
- Við virðum aldurstakmörk á samskiptamiðlum og öðrum forritum.

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Kópavogsbær hefur sett samræmd viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar. Þau má finna á [heimasíðu bæjarins](#) á íslensku, ensku og pólsku. Er um að ræða tvenns konar viðmið, annars vegar vegna óheimila fjarvista úr námi og hins vegar vegna leyfa og veikinda. Kópavogsskóli starfar samkvæmt þessum ferlum.

Leyfi/veikindi 5-9 dagar	Leyfi/veikindi 10-14 dagar	Leyfi/veikindi 15-19 dagar	Leyfi/veikindi 20-29 dagar	Leyfi/veikindi 30 dagar eða fleiri
2-4 fjarvistir	5-9 fjarvistir	10-14 fjarvistir	15-24 fjarvistir	25 fjarvistir eða meira
Hver gerir hvað?	Hver gerir hvað?	Hver gerir hvað?	Hver gerir hvað?	Hver gerir hvað?
Ritari skólans sendir heim yfirlit úr <u>Mentor</u> tvisvar í mánuði. Kennarar skoða á sama tíma yfirlit yfir stöðuna hjá sínum umsjónarnemendum.	Umsjónarkennari hefur samband við foreldra/forráðamenn símleiðis eða í gegnum tölvupóst og upplýsir um stöðuna. Umsjónarkennari fær eyðublað hjá ritara og fylltir út. Eyðublaðin geymast í möppu „Ástundun“ sem er geymd hjá ritara.	Náms- og starfsráðgjafi fylgist með þeim málum sem koma í möppuna og þegar nemendur hafa komist á þrep 3 hefur náms- og starfsráðgjafi samband heim með símtali eða tölvupósti og upplýsir í kjölfarið nemendaverndarráð um stöðuna	Viðkomandi deildarstjóri hefur samband heim símleiðis eða boða foreldra/forráðamenn á sinn fund ef við á. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogs. <i>Deildarstjóri 1.-5. bekkjar</i> <i>Deildarstjóri 6.-10. bekkjar</i> <i>Deildarstjóri sérúrræða vegna námsvers.</i>	Viðkomandi deildarstjóri tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogs og upplýsir Menntasvið Kópavogs um stöðu mála. <i>Deildarstjóri 1.-5. bekkjar</i> <i>Deildarstjóri 6.-10. bekkjar</i> <i>Deildarstjóri sérúrræða vegna námsvers.</i>

Foreldrasamstarf

Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að því að auka samstarf við foreldra sem og upplýsingaflæði frá skólanum. Notkun samfélagsmiðla til upplýsingagjafa var aukinn sem og reglulegir fréttapóstar frá stjórnendum ásamt heimasíðu skólans. Kennarar senda þar að auki heim upplýsingapóst reglulega og birta hann einnig á Mentor. Skólastjórnendur funda í byrjun hvers mánaðar með stjórn foreldrafélags.

Hefð er fyrir því að bjóða foreldrum barna í fyrsta bekk til fræðslufundar snemma á skólaárinu og til léttis kvöldverðar í framhaldi af fræðslunni. Þar er markmiðið að foreldrar barna sem eru að hefja skólagöngu kynnist og leggi grundvöll að öfluggu samstarfi sín á milli og við skólann. Fulltrúar foreldra í skólaráði taka fullan þátt í starfi skólaráðs og vinna þar að ýmsum framfaramálum.

Foreldrasamstarf er með hefðbundnum hætti gegnum símtöl, tölvupóst og InfoMentor.is auk þess sem foreldrar koma til viðtals í skólann einu sinni á hvorri önn.

Kennarar og skólastjórnendur hafa ekki skipulagða viðtalstíma enda er skólinn alltaf opinn foreldrum. Við upphaf skólaárs er öllum foreldrum boðið á haustfund þar sem umsjónarkennarar hvers árgangs fara m.a. yfir skipulag skólaársins og áherslur vetrarins, kynna Mentor og Google Classroom, stoðkerfi skólans og önnur aðkallandi málefni. Foreldrar/forráðamenn geta nálgast helstu upplýsingar s.s. skólanámskrá, upplýsingar

um stoðþjónustu og fleira er varðar nám og líðan á heimasíðu skólans. Sérstakur hnappur sem heldur utan um helstu upplýsingar til foreldra má sjá á heimasíðu skólans, sjá [hérna](#).

Á Mentor geta foreldrar/forráðamenn nálgast upplýsingar um ástundun, heimanám og námsmat, lesið vikupósta og bókað foreldraviðtöl. Ritari skólans sendir heim upplýsingar um ástundun vikulega og er mjög mikilvægt að foreldrar fylgist vel með ástundun barna sinna. Ef um ranga skráningu í Mentor er að ræða þurfa foreldrar að hafa samband við viðkomandi kennara til þess að hægt sé að leiðrétta. Foreldrar hafa vikuna til þess að fá leiðréttingu. Ekki er leiðrétt lengra aftur í tímann.

Kennarar setja verkefni inn á Google Classroom og foreldrar geta fylgst með verkefnavinnu barna sinna þar, en foreldrar geta ekki fengið beinan aðgang og þurfa að fá að sjá hjá börnum sínum hverju sinni.

Skólinn kallar ávallt til túlka fyrir foreldra með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn þegar fundir eru boðaðir. Óski foreldrar eftir túlkajónustu á t.d. skólakynningum og upplýsingafundum verða þeir að hafa samband við skrifstofu skólans með tveggja daga fyrirvara.

Skólaráð

Skólaráð Kópavogsskóla starfar í samræmi við **Lög um grunnskóla nr. 91/2008** og *Reglugerð um skólaráð við grunnskóla*. Í skólaráði Kópavogsskóla eiga sæti skólaárið 2025-2026 Guðný Sigurjónsdóttir skólastjóri, kennararnir Björk Hafliðadóttir og Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir, Guðrún Sigríður Loftsdóttir, þroskajálfari er fulltrúi annarra starfsmanna. Fulltrúar foreldra eru Þórmundur Haukur Sigurjónsson og Sólveig Jóhannsdóttir, fulltrúar nemenda koma úr 9. og 10. bekk. Grenndarfulltrúi er Agnes Hólm Gunnarsdóttir. Starfsáætlun fyrir Skólaráð Kópavogsskóla veturinn 2025-2026 er eftirfarandi:

Tillögur að dagsetningum 2025-2026 (með fyrirvara)

2. október

- Skólabyrjun, vetrarstarf skólaráðs
- Rætt um starfsáætlun skólans

- Húsnæðimál
- Önnur mál

13. nóvember

- Nemendur og skólastarf
- Kynning á starfsemi Kjarnans
- Önnur mál

15. janúar

- Rekstraráætlun
- Undirbúningur fyrir opinn fund um málefni skólans fyrir alla aðila skólasamfélagsins (gert er ráð fyrir að fundurinn verði haldinn í lok febrúar)
- Önnur mál

17. febrúar

- Undirbúningur fyrir opinn skólaráðsfund
- Önnur mál

Mars (dags. ákveðin síðar)

- Opinn skólaráðsfundur

13. maí

- Drög að skipulagi skólaársins 2026-2027
- Starfsáætlun skólaráðs 2026-2027
- Uppgjör vetrarins
- Önnur mál

Gert er ráð fyrir að fulltrúar í skólaráði verði kallaðir saman á milli funda til að sinna sérstökum verkefnum sem unnið verður að á skólaárinu. „**Minna“ skólaráð** er boðað til fundar þegar þörf er á.

Foreldrafélag

Foreldrafélög eru lögbundin skv. 9 gr. *Laga um grunnskóla* nr. 91/2008. Í Kópavogsskóla starfar öflugt foreldrafélag sem hefur það hlutverk að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda, efla tengsl heimilis og skóla, hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfinu og veita aðhald og eftirlit. Stjórn foreldrafélags Kópavogsskóla skólaárið 2025-2026 er kosið á aðalfundi foreldrafélagsins en þar eru formaður, gjaldkeri, varaformaður ásamt meðstjórnendum.

[Foreldrafélag skólans heldur úti sinni heimasíðu](#) sem er vistuð á heimasíðu skólans.

Markmið félagsins er að stuðla að velferð og vellíðan allra barna í skólanum, að kennsla og tómstundastarf í skólanum sé eins og best verður á kosið og efla samvinnu heimilis og skóla.

Til að ná þessum markmiðum hyggst félagið m.a.:

- efla samstarf foreldra og starfsfólks skólans,
- standa fyrir fræðslu og upplýsingamiðlun til foreldra og eftir atvikum starfsfólks skólans eftir því sem tilefni gefst til og kostur er á,
- styðja við starfsemi skólans með því að kynna sér kennsluhætti og uppeldismarkmið skólans, fylgjast með skólastarfinu og koma á framfæri rökstuddum óskum um breytingar og styðja við framkvæmd þeirra.
- styðja eftir megni félags- og tómstundastarf nemenda.

Stjórn foreldrafélagsins er kosin á aðalfundi félagsins sem haldinn skal að vori ár hvert, eigi síðar en 15. maí. Formaður er kosinn sérstaklega auk fimm meðstjórnenda.

Á vegum foreldrafélagsins starfa nokkrar nefndir að einstökum málum eða atburðum. Um þær vísast til bæklinga foreldrafélagsins. Allir geta starfað í þessum nefndum en á skólakynningarfundum í september geta foreldrar skráð sig í þær. Foreldrum geta einnig haft samband við fulltrúa foreldrafélagsins til að skrá sig í þessar nefndir.

Dagskrá vetrarstarfs foreldrafélags

September – Haustiátíð, kynningarfundur/Aðalfundur foreldrafélagsins

Október: Hrekkjavaka

Desember: Laufabrauðsdagur/Jólagleðir

Mars: Öskudagur

Mat á skólastarfi

Innra mat

Með *Lögum um grunnskóla* nr. 91/2008 er skólum gert að meta allt skólastarf með kerfisbundnum hætti. Matið er tvíþætt, annars vegar innra mat sem er það kerfi sem skólinn setur sjálfur upp til að meta sem flesta þætti í starfi sínu, og hins vegar ytra mat sem er þá mat utanaðkomandi aðila.

Gildisgrunnur skólans var unninn í samstarfi foreldra og skóla og gildi skólans eru sex.

Þau eru:

- *jákvæður starfsandi*
- *agi í framkomu og vinnubrögðum*
- *verkefni taki mið af hæfni og getu einstaklings*
- *gagnkvæm virðing í samskiptum*
- *virk samvinna sem byggist á ábyrgð skólaþegnanna*
- *gagnkvæmt upplýsingastreymi milli heimila og skóla og innan skóla.*

Kópavogsskóli nýtir sér vefkannanakerfið Skólapúlsinn fyrir innra matið. Spurningarnar sem eru í Skólapúlsinum falla vel að gildisgrunni skólans og gefa um leið kost á samanburði við aðra skóla. Nemendakannanir eru lagðar fyrir árlega en foreldrakannanir og starfsmannakannanir annað hvert ár. Réttindaráðið skilar auk þess af sér skýrslu til stjórnenda skólans en tekið er tillit til hennar við gerð umbótaáætlunar næsta skólaárs. Réttindaráðið samanstendur af tveimur nemendum úr öllum árgöngum skólans og funda þau með umsjónaraðilum ráðsins reglulega nokkrum sinnum yfir árið.

Veturinn 2024-2025 fór fram vinna stjórnenda með aðila frá Ásgarði, skóla í skýjunum sem miðar að því að efla innra mat skólans.

Stýrihópur hefur umsjón með innra mati skólans og skipulagi þess.

Viðfangsefni innra mats

Þeir þættir sem innra mat skólans byggir á eru eftirfarandi:

- Nemendakönnun: rafræn könnun lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. Um er að ræða mjög viðamikla könnun sem tekur á öllum þáttum skólastarfs og upplýsingarnar er hægt að skoða með hliðsjón af öðrum skólum. Mjög viðamiklar upplýsingar um Skólapúlsinn má finna á www.skolapulsinn.is.
- Starfsmannakönnun: rafræn könnun þar sem m.a. er spurt um viðhorf til skólans, kennarastarfið og starfsumhverfi. Könnunin er lögð fyrir annað hvort ár, á móti foreldrakönnun. Skólaárið 2023-2024 ákvað Kópavogsbær að framkvæma starfsmannakönnun fyrir öll svið bæjarins og var því Starfsmannapúlsinn ekki lagður fyrir það árið.
- Foreldrakönnun: rafræn könnun lögð fyrir foreldrar barna í öllum árgöngum. Þar er m.a. spurt um nám og kennslu, velferð nemenda og foreldrasamstarf svo nokkur atriði séu nefnd. Könnunin er lögð fyrir annað hvort ár, á móti starfsmannakönnun.
- Tengslakönnun: námsráðgjafi aðstoðar kennara við að leggja tengslakönnun fyrir einstaka árganga. Þar eru skoðuð tengsl á milli nemenda og reynt að finna þá nemendur sem eru einangraðir og grípa til viðeigandi ráðstafana.
- Skýrsla Réttindaráðs nemenda.
- Skimanir og próf samkvæmt langtímaáætlun um innra mat.

Þetta efni eru í heildina mjög umfangsmiklar og úr þeim fást gríðarlega miklar upplýsingar um alla þætti skólastarfsins og þannig heyrast raddir allra hagaðila skólans. Markmiðið er að bregðast fljótt og vel við niðurstöðum og vinna að úrbótum á markvissan hátt. Skólaárið 2025-2026 verður nemendakönnun (fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk) Skólapúlsins lögð fyrir.

Ytra mat sveitarfélaga

Í Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að sveitarfélög eigi að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Þá er sveitarfélögum ætlað að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Af hendi sveitarfélagsins hefur ekki verið gert formlegt mat á starfi Kópavogsskóla undanfarin ár. Starfsmenn menntasviðs Kópavogsbæjar eru þó í reglulegum samskiptum og eru vel inn í málefnum skólans.

Ytra mat menntamálaráðuneytis

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum og með sjálfstæðri gagnaöflun. Ráðuneytið gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laganna og aðalnámskrár grunnskóla auk annarra þátta í skólastarfinu. Menntamálaráðuneyti skipuleggur einnig þátttöku í alþjóðlegum mennta- og samanburðarrannsóknnum. Ytra mat á starfi Kópavogsskóla var unnið af starfsmönnum Menntamálastofnunar í september 2018 og lokaskýrslu skilað í lok ársins. Í framhaldi af því var umbótaáætlun gerð og bæði skýrsluna og umbótaáætlunina er að finna á vefsíðu Kópavogsskóla ásamt skýrslu Ingvars Sigurgeirssonar prófessors í kennslufræðum sem kom og kynnti sér skólastarfið. Eftirfylgni ráðuneytisins lauk vorið 2021 með formlegri staðfestingu á að Kópavogsskóli hefði lokið öllum þeim umbótum sem boðaðar voru í framhaldi af ytra matinu. Ytra mat hefur ekki farið fram síðan þá.

Stoðþjónusta

Öflug stoðþjónusta er í boði í Kópavogsskóla og koma ýmsir aðilar að þjónustu við nemendur Kópavogsskóla og foreldra/forráðamenn þeirra.

Náms- og starfsráðgjafi

Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og stendur vörð um félagslega og andlega velferð þeirra. Nemendur geta leitað til hans með málefni sem tengjast náminu og persónuleg mál sem þeir vilja ræða í trúnaði. Námsráðgjafi vinnur í nánú sambandi við foreldra eftir því sem við á. Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði sem er formlegur starfsvettvangur þeirra er annast þjónustu við nemendur. Hann á einnig sæti í áfallateymi, forvarnarteymi og eineltisteymi skólans auk þess að vera umsjónarkennurum innan handar varðandi tengslakannanir. Hann veitir einnig kennurum leiðsögn varðandi ákveðna nemendur. Námsráðgjafi kennir náms- og starfsfræðslu í 10. bekk, eina kennslustund á viku eftir áramót. Námsráðgjafi býður nemendum 10. bekkjar upp á að taka áhugasviðskönnun þeim að kostnaðarlausu og aðstoðar við úrvinnslu niðurstaðna. Guðrún Brynja Gísladóttir er náms- og starfsráðgjafi Kópavogsskóla í fullu starfi.

Skólaheilsugæsla

Skólaheilsugæsla Kópavogs er á vegum Heilsugæslunnar í Kópavogi. Markmið heilsugæslu í skólum er að stuðla að því að börn fái að þroskast við þau bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Skólaheilsugæslan aflar upplýsinga um öll börn við upphaf skólagöngunnar varðandi heilsu og hegðun og er nauðsynlegt að skólinn og þar með talið skólahjúkrunarfræðingur fái upplýsingar um heilsu barnsins og hagi þess t.d. ef barnið er með einhverja sjúkdóma og er á lyfjum, spítaladvöl barnsins, flutninga fjölskyldunnar, skilnað foreldra og alvarleg veikindi eða missi náins ættingja því slíkt getur haft áhrif á líðan barnsins, námsgetu þess og hegðun. Verði barnið fyrir slysi í skólanum veitir hjúkrunarfræðingur eða kennarar fyrstu hjálp en haft er samband við foreldra/forráðamenn eins fljótt og auðið er. Skólaheilsugæslan sinnir almennri heilsufræðslu í öllum árgöngum og sendir fræðsluefni til foreldra svokölluð H6. Skólahjúkrunarfræðingur á sæti í nemendaverndarráði. Björk Guðmundsdóttir er skólahjúkrunarfræðingur Kópavogsskóla.

Sálfræðingur

Hægt er að leita til skólasálfræðings vegna erfiðleika hjá nemendum sem tengjast skólagöngunni, m.a. námserfiðleika og tilfinninga- og félagslegra erfiðleika. Ef óskað er eftir aðstoð sálfræðings sækir umsjónarkennari um hana í samráði við forráðamenn

barnsins. Umsóknin fer fyrir nemendaverndarráð sem tekur ákvörðun um hvort vísa eigi málinu til sálfræðings. Ávallt skal liggja fyrir samþykki forráðamanna áður en afskipti sálfræðings hefjast um málefni barnsins. Nemendur í 9. og 10. bekk mega þó óska eftir viðtali við sálfræðings án samþykkis foreldra. Sálfræðingur er einnig ráðgefandi við kennara auk þess sem hann heldur námskeið og fyrirlestra fyrir nemendahópa, foreldra og starfsfólk. Sálfræðingur situr í nemendaverndarráði. Þórdís Bragadóttir er skólasálfræðingur Kópavogsskóla.

Talmeinafræðingur

Einn talmeinafræðingur er í hlutastarfi við skólann og vinnur hann að greiningum og ráðgjöf til foreldra. Talmeinafræðingur er með viðveru á miðvikudögum. Eyrún Rakel Agnarsdóttir er talmeinafræðingur Kópavogsskóla.

Þroskaþjálfar

Við skólann er starfandi þroskaþjálfari sem vinnur á sínu sérsviði í öllum deildum skólans eftir þörfum.

Þjónusta frá Menntasviði

Hjá Menntasviði Kópavogs er hægt að leita eftir aðstoð sérkennsluráðgjafa og kennsluráðgjafa auk almennrar ráðgjafar og nýtir Kópavogsskóli sér þessa þjónustu þegar þess þarf. Auk þess hefur skólinn leitað eftir aðstoð og þjónustu atferlisfræðinga á vegum Kópavogsbæjar eftir þörfum. Kópavogsskóli hefur einnig leitað til utanaðkomandi sérfræðinga þegar sú staða kemur upp. Markmiðið er að útvega þá þjónustu sem best hentar og skólinn ræður við í hverju tilviki.

Tómstundastarf og félagslíf

Kjarninn félagsmiðstöð

Í skólanum er starfrækt félagsmiðstöð, Kjarninn undir stjórn Halldórs Hlöðverssonar forstöðumanns og Vigdísar Birnu Grétarsdóttur, aðstoðarforstöðumanns. Félagslíf nemenda á unglingastigi en samstarfsverkefni skóla og félagsmiðstöðvarinnar Kjarnans sem hefur aðsetur í skólahúsinu. Stærstu atriði ársins eru jólaskemmtanir og árshátíðir en þær eru haldnar á öllum aldursstigum skólans í vikunni fyrir jól og páska. Þar troða nemendur upp með skemmtiatriði sem þeir hafa æft og sýna fyrir aðra nemendur og foreldra.

Nemendaráð skipuleggur vetrarstarf félagsmiðstöðvar með aðstoð forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns Kjarnans. Þar eru hefðbundin atriði þátttaka í Spurningakeppni grunnskólanna, ýmis sameiginleg atriði með öðrum félagsmiðstöðvum í Kópavogi, námskeið og opin hús.

Skólinn

Bekkjarkvöld eru haldin í samstarfi við foreldrafulltrúa og reynt er að hafa þau tvisvar á hverju skólaári. Nemendur á miðstigi eru með opið hús ca. einu sinni í mánuði.

Skólastarfið er brotið upp á hverju ári í nokkra daga og nemendum skipt í hópa þvert á aldur. Markmiðið með því er að efla með markvissum hætti félagstengsl nemenda og þjálf þá í að vinna með nemendum á ólíkum aldri og á misjöfnum þroskastigi. Á þessu skólaári verða það Samverudagur, Fjölgreindarleikar og Fjölmenningsdagur sem verða stóru þættirnir í samvinnu árganga.

Samsöngur er á sal skólans í viku hverri og er hann undir stjórn tónmenntakennara skólans, Skarphéðins Hjartarsonar.

Foreldrafélag Kópavogsskóla stendur fyrir ýmsum viðburðum og þar ber helst laufabrauðsbakstur með nemendum og foreldrum í aðdraganda jóla. Skólaárið 2025-2026 verður hausthátíð foreldrafélagsins haldin í annað sinn en þetta hefur þótt slá góðan tón inn í veturinn.

Skólabúðir

7. bekkur fer ásamt umsjónarkennurum í skólabúðir á Reykjum í Hrútafirði ár hvert og dvelja þar í fjóra daga, frá mánudegi til fimmtudags. Foreldrar standa straum að kostnaði við þessar ferðir en foreldrafélagið hefur veitt styrk fyrir rútukostnaði.

9. bekkur fer einnig í skólabúðir að hausti og fer í ár í Vindáshlíð með sínum umsjónarkennurum frá mánudegi til föstudags. Foreldrar standa straum að kostnaði við þessar ferðir en foreldrafélagið hefur veitt styrk fyrir rútukostnaði.

Viðbragðsáætlanir

Á heimasíðu skólans er að finna áætlanir skólans og annarra viðbragðsaðila s.s. viðbragðsáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um röskun á skólastarfi vegna óveðurs, jafnréttisáætlun, áfallaáætlun, eineltisáætlun og forvarnarstefna skólans.

Undirritun starfsáætlunar

Þessi starfsáætlun hefur verið kynnt í skólaráði og samþykkt af öllum fulltrúum.

Kópavogur XX.XXx 2025

Guðný Sigurjónsdóttir, skólastjóri

Fulltrúi foreldra

Fulltrúi foreldra

Fulltrúi foreldra

Fulltrúi kennara

Fulltrúi nemenda

Fulltrúi grenndarsamfélags

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026